

# Hverfisráð Öxarfjarðar

## 5. fundur

7. júní 2018 kl. 19:00

Öxi Kópaskeri

Mætt voru:

Elvar Már Stefánsson, Inga Sigurðardóttir, Guðmundur Magnússon og Kristín Eva Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá

### 1. Þjóðgarður á Melrakkasléttu

Hverfisráð telur sig vanta nánari upplýsingar um hvað sé verið að tala um, en tekur undir að efla megi Melrakkasléttu og nýta betur kosti hennar og kynna hvað hún hefur upp á að bjóða. Hverfisráðið telur sig ekki hafa forsendur til að mæla með eða á móti Þjóðgarði að svo stöddu, en þetta gæti verið spennandi verkefni sem má skoða.

### 2. Umgengni á Kópaskeri

Hverfisráð hefur fengið fjölda ábendinga um slæma umgengni í kring um stjórnsýsluhúsið og fjöruna þar fyrir framan. Benda má á að uppbygging ferðapjónustu er mikil á þessu svæði. Þar er verslun, kaffhús og verðandi ferðapjónusta sem er að rísa á Melum. Fallegt útsýni er yfir höfnina sem verður fyrir truflunum af þessum sökum. Hverfisráð óskar eftir að viðeigandi aðilar Norðurbings taki á þessu máli.

### 3. Sjúkrabíll á Raufarhöfn

Sjúkrabílamál á austursvæðinu hafa legið svolitið í lausu lofti undanfarin misseri. Hverfisráð hefur þó fengið fréttir af því að einhversskonar lending sé komin í þau mál, sem mætti kynna betur fyrir íbúum. Hverfisráð ítrekar að mikilvægt sé að sjúkrabíll sé mannaður á Raufarhöfn, yfir vetrartímann sérstaklega, er seinlegt að bíða eftir sjúkrabíll frá annaðhvort Húsavík eða Þórshöfn.

### 4. Sundlaugasjóður

Rætt um að endurvekja sundlaugarsjóðinn sem var stofnaður fyrir nokkrum árum af íbúum. Ákveðið að kanna hver er með forræði hans. Einnig óskar hverfisráð eftir afstöðu Norðurbings til Sundlaugar á Kópaskeri.

### 5. Málefni leikskóla

Jón Höskuldsson fræðslustjóri óskaði eftir að koma á fundinn og sat hann undir þessum lið. Hverfisráð þakkar Jóni fyrir að hafa frumkvæði á að koma til fundar við okkur. Rætt var um leikskólalamál á svæðinu. Ýmsar hugmyndir um leikskólalamál ræddar sem Jón mun kynna frekar í viðeigandi nefndum.

Á meðan Jón var en á fundinum þá var rætt um slæmt viðhald á leikskólahúsnæðinu, meðal annas slysagildrur sem foreldrar hafa lýst áhyggjum yfir.

Fundi slitið 21:30

Inga Sig  
Guðmundur Magnússon  
Elvar Már Stefánsson  
Kristín Eva Benediktsdóttir